



Ungt flóttafólk: Að taka skrefin inn á fullorðinsárin

Guðbjörg Ottósdóttir, félagsráðgjafi MA, PhD,
lektor við Félagsráðgjafardeild Háskóla Íslands

Maja Loncar, félagsráðgjafi MA, Þjónustumiðstöð
Vesturbæjar, Miðborgar og Hlíða



Guðbjörg Ottósdóttir



Maja Loncar

Útdráttur

Ungt fólk 18 til 25 ára lifir á tímabili umbreytinga og er að taka skref inn á fullorðinsár með öllum þeim væntingum um frammistöðu í nýjum hlutverkum sem samfélagið gerir til þeirra. Lítil þekking er fyrir hendi um reynslu ungs flóttafólks og áhrif búferlaflutninga á komandi fullorðinsár þessa hóps. Fjallað er um hluta af niðurstöðum eigindlegar MA-rannsóknar um reynslu ungs flóttafólks 18 til 26 ára af því að setjast að á Íslandi, þ.e. um reynslu þeirra af menntun. Tekin voru sex hálfstöðluð viðtöl við sex einstaklinga (tvo karla og fjórar konur) með stöðu flóttafólks, og voru þátttakendur valdir með aðferð markmiðsúrtaks. Þátttakendurnir voru frá fjórum ríkjum í þremur heimsálfum og höfðu búið á Íslandi í 1–10 ár. Viðtölin voru hljóðrituð, afrituð, kóðuð og þemagreind. Niðurstöður benda til að ungt flóttafólk upplifi hindranir þegar kemur að aðgengi að menntun, og tengjast þær réttindastöðu þeirra, skorti á stuðningi í skólaumhverfi, flóknu tungumálaumhverfi, færni þeirra í íslensku og ábyrgð gagnvart ættingjum. Þátttakendur bjuggu þó yfir þoli og seiglu sem gerði þeim kleift að viðhalda draumum um háskólanám og gera áætlanir.

Lykilorð: ungt flóttafólk, komandi fullorðinsár, menntun.

Abstract

Young people aged 16 to 25 are on the cusp of childhood and adulthood, making transition into adulthood, which include their aspirations for higher education. Few studies have explored the impact migration has on transitions of young adults who are refugees. This paper discusses part of results from a qualitative MA study on the experiences of refugees aged 18–26 of settling in Iceland. Six semi-structured interviews were taken with six people (two men and four women) with refugee status who had lived in Iceland between 1–10 years and were from four countries in three different parts of the world. Participants were selected by purposive sampling method. Interviews were recorded, transcribed and analyzed using a coding and thematic analysis method. The findings indicate that young people experienced barriers in participating in higher education due to language difficulties, legal status and rights, lack of support and family responsibilities. They were however resilient despite these challenges and held onto their aspirations for higher education, making plans to fulfil them.

Keywords: young adult refugees, emerging adulthood, education.

Inngangur

Ungt fólk á aldrinum 18 til 25 ára lifir á tímabili umbreytinga þegar það er að taka skref inn á fullorðinsár með öllum þeim væntingum til sjálfstæðs lífs og nýrra hlutverka sem samfélagið gerir til þeirra (Arnett, 2014). Þetta ferli er gjarnan skilgreint sem *komandi fullorðinsár* (e. emerging adulthood) og tekur mið af líffræðilegum aldri, en menningarlegar og samfélagslegar aðstæður móta einnig þetta tímabil. Komandi fullorðinsár markast af tímabili skrefa og fyrirsjáanlegra atburða sem ungt fólk hefur væntingar um, svo sem að ljúka langskólanámi, fara út á vinnumarkaðinn og stofna eigin fjölskyldu. Óvæntir atburðir hafa einnig áhrif á ferlið, svo sem skyndileg veikindi og atvinnuleysi, sem getur lengt þetta tímabil komandi fullorðinsára (Arnett, 2014; Valentine, 2003). Lítil þekking liggur fyrir um áhrif skyndilegra búferlaflutninga á komandi fullorðinsár flóttafólks sem auk áskorana sem tengjast lífsskeiði tekst á við fjölmargar áskoranir tengdar búferlaflutningunum.

Þessi grein fjallar um hluta af niðurstöðum eigindlegar rannsóknar Maju Loncar (2016) um reynslu ungs flóttafólks á aldrinum 18 til 26 ára af því að setjast að á Íslandi í ljósi væntinga þeirra og vona um framtíðina. Sá hluti niðurstaðna sem hér er fjallað um snýr að reynslu ungs flóttafólks af menntun. Í greininni er gerð grein fyrir stöðu þekkingar og lýst aðferð rannsóknarinnar. Fjallað er um niðurstöður rannsóknarinnar og ályktað um þýðingu niðurstaðna fyrir stöðu ungs flóttafólks hérlandis.

Komandi fullorðinsár

Inntak komandi fullorðinsára hefur tekið breytingum. Í nútímasamfélögum tekur oft lengri tíma en áður fyrr að færast milli lífsskeiða og öðlast hlutverk sem tilheyra fullorðinsárum. Það tengist samfélagsbreytingum og breyttu umhverfi ungs fólks. Rannsóknarniðurstöður hafa sýnt að mikilvægi þessa tímabils mótast ekki einungis af líffræðilegum breytingum heldur einnig



af samfélagsgerð, menningarhefðum, einstaklingsaðstæðum og upplifun fólks á þessu tímabili (Langevang, 2008; Christiansen, Utas og Vigh, 2006). Það skiptir máli hvernig ungt fólk bregst við óvæntum og erfiðum atburðum í lífi sínu og hvaða hjargir það nýtir sér í því ferli að uppfylla væntingar til fullorðinsára. Rannsakendur hafa lagt áherslu á að skoða þetta. Þættirnir sjálfsmýnd, tilfinningalegur stöðugleiki, einstaklingshæfileikar og hjargir í umhverfi hafa meðal annars áhrif á seiglu ungs fólks við að takast á við erfiðar aðstæður (Valentine, 2003).

Ungt flóttafólk og komandi fullorðinsár

Rannsóknir sýna að ungt flóttafólk stendur frammi fyrir töluverðum áskorunum auk þeirra sem tengjast lífsskeiði þeirra. Þær tengjast upplausn í samfélagi þeirra, og gjörbreyttum heimilis- og fjölskylduadstæðum í kjölfar skyndilegra búferlaflutninga og nýrra aðstæðna í nýju landi (Skivington, Vojt, Thomson og Fenton, 2016). Áföll tengd stríði og ofbeldi, ættingjamissir, fátækt, fjarvera ættingja og skortur á félaglegu stuðningsneti, tungumálhindranir og ófullkomin réttindastaða eru aðstæður sem margt ungt flóttafólk tekst á við í nýju landi. Fyrir vikið er þróun sjálfsmýndar hjá ungu flóttafólki oft flóknari en innfæddra jafnaldrar þeirra. Kröfur samfélagsins gera ráð fyrir því að ungt flóttafólk stigi sömu skref og jafnaldrar þeirra en það getur reynst þeim erfitt vegna þessara aðstæðna (Montgomery, 2010; Tyrer og Fazel, 2014).

Montgomery (2010) ræddi við ungt flóttafólk níu árum eftir komu þess til Danmerkur, og beindist rannsókn hans að þeim þáttum sem byggja upp seiglu ungs flóttafólks. Niðurstöðurnar sýndu að umhverfisþættir höfðu haft mikil áhrif á aðlögun þátttakendanna. Fordómar og mismunur sem ungt flóttafólk upplifði í samfélaginu höfðu meiri sálræn áhrif en þau áföll sem það hafði orðið fyrir í flóttiferlinu, og höfðu neikvæð áhrif á sjálfsmýnd þess. Í nýlegri kóreskri rannsókn (Kim, Hong, Ra og Kim, 2015) var leitt í ljós að ungt flóttafólk upplifir þó bæði tækifæri og áskoranir við að setjast að í nýju landi, og réðst það meðal annars af því hvernig stofnanir brugðust við þörfum þess. Einnig skipti máli hvers konar réttindi það hafði öðlast til menntunar, líkt og kom fram í rannsókn Guðbjargar Ottósdóttur (2017) á ungu flóttafólki í Englandi.

Að hafa möguleika á menntun og möguleika á árangri í námi er samkvæmt rannsóknum eitt helsta tækifæri sem ungt flóttafólk sækist eftir. Menntun er grundvöllur að aðlögun í nýju landi, því að í gegnum menntun fá þau mikilvægan félagslegan og tilfinningalegan stuðn-

ing. Námi fylgir félagslegt öryggi og það skapar einnig rúttínu í daglegu lífi ungs flóttafólks (Earnest, Joyce, De Mori og Silvagni, 2010). Hins vegar verður ungt flóttafólk fyrir ýmsum áskorunum þegar kemur að því að ná árangri í námi í samræmi við vonir sínar, og myndast þær vegna rofinnar skólagöngu, tungumálhindrana, skorts á markvissri þjónustu skóla, erfiðleika við að skilja skólakerfið og skertra réttinda. Ekki er óalgengt að samhliða námi hvíli á ungu flóttafólki fjárhagsleg ábyrgð gagnvart nánnum ættingjum í móttökulandi og upprunalandi, sem gerir þeim ókleift annað en að vinna með náminu (Guðbjörg Ottósdóttir, 2017; Correa-Velez, Gifford, McMichael og Sampson, 2016).

Að afla góðra tekna eru væntingar sem ungt flóttafólk hefur samkvæmt rannsóknum og eru grundvöllur að sjálfsmýnd þess og tilfinningu um að tilheyra samfélagi. Ekki síst er það grundvöllur fyrir félagslegri þátttöku þess og öryggi (Correa-Velez o.fl., 2016; Nunn, McMichael, Gifford og Correa-Velez, 2014). Ungt flóttafólk lítur á menntun sem nauðsynlegt skref til þess að geta framfleytt sér og ættingjunum í framtíðinni. Lítil þekking er fyrir hendi um stöðu ungs flóttafólks á Íslandi með tilliti til lífsskeiðs þeirra og væntinga. Þó má nefna rannsókn Guðbjargar Ottósdóttur og Helenu N. Wolimbwa (2011) á reynslu flóttabarna af því að setjast að á Íslandi. Niðurstöður hennar sýndu að börnin höfðu væntingar til háskólanáms og tengdust þær áætlunum þeirra um að tryggja sér og ættingjum sínum örugga framtíð. Almenn benda rannsóknir til mikilvægis þess að stofnanir greini og komi til móts við þarfir ungs flóttafólks með tilliti til lífsskeiðs þess og væntinga til menntunar (Kane, 2006). Í reglum um réttindi flóttafólks til þjónustu hérlendis er ekki fjallað sérstaklega um ungt flóttafólk (sjá: Velferðarráðuneytið, 2013, 2014).

Markmið rannsóknarinnar var að kanna reynslu ungs flóttafólks af því að setjast að á Íslandi í ljósi væntinga þeirra um framtíðina. Rannsóknarspurningarnar voru:

1. Hver er reynsla ungs flóttafólks af því að setjast að á Íslandi?
2. Hvaða tækifæri og áskoranir upplifir ungt flóttafólk á Íslandi í því ferli að uppfylla vonir sínar og væntingar?

Aðferð

Framkvæmd

Gagna var aflað með eigindlegri rannsóknaraðferð. Tekin voru sex hálfstöðluð einstaklingsviðtöl við sex einstaklinga, 18–26 ára, sem fengið höfðu viður-



kennda stöðu flóttamanns og dvalarleyfi. Þátttakendur voru valdir með aðferð markmiðsúrtaks þar sem þeir þurftu að uppfylla skilyrði um að hafa fengið stöðu flóttamanns og vera 18–24 ára. Það var ekki eitt skilyrði til þátttöku að hafa væntingar um langskólanám en allir þátttakendurnir áttu þó sameiginlegt að hafa áætlanir um að ljúka langskólanámi. Rauði kross Íslands og Velferðarsvið Reykjavíkurborgar aðstoðuðu við að nálgast þátttakendur. Hugsanlegir þátttakendur fengu send kynningarbréf á ensku og íslensku í tölvupósti. Að fengnu upplýstu samþykki var ákveðinn staður fyrir viðtöl í samráði við hvern og einn þátttakanda. Viðtölin tóku klukkustund og fóru fram á íslensku og ensku. Þau voru hljóðrituð, afrituð og greind með greiningaraðferð kóðunar- og þemagreiningar þar sem reynt var að koma auga á sjónarmið og reynslu í samhengi við það sem spurt var um í viðtalsvísi og tengdist markmiðinu og rannsóknarspurningum. Leitast var við að greina mynstur í frásögnum þátttakenda (Padgett, 2008). Þau fimm þemu sem fram komu í tengslum við reynslu og sjónarmið voru: Reynsla af menntun og atvinnu, af félagslegum stuðningi, af uppbyggingu félagslegs nets, af fjölskyldutengslum og af því að uppfylla væntingar til framtíðarinnar.

Þátttakendur

Þátttakendur voru tveir karlar og fjórar konur. Tveir þátttakendur höfðu sótt um alþjóðlega vernd en fjórir komið sem kvótaflóttafólk (í boði íslenskra stjórnvalda með milligöngu Flóttamannahjálpar SP). Þátttakendur voru frá fjórum ríkjum í þremur heimsálfum og höfðu búið á Íslandi í 1–10 ár. Í umfjöllun um niðurstöður hefur nöfnum þátttakenda verið breytt og þeir flokkaðir samkvæmt aldursflokkunum 18–20 ára, 21–23 ára og 24–26 ára.

Niðurstöður

Reynsla af menntun

Samkvæmt greiningu niðurstaðna upplifðu allir þátttakendur sig á tímabili umbreytinga yfir á fullorðinsár, vegna þess lífsskeiðs sem þeir voru á en einnig vegna umbreytinga sem höfðu átt sér stað við búferlaflutningana. Þátttakendur lýstu því að þeim fyndust þeir vera á tímabili óvissu um framtíðina, einkum um það hvernig þeim tækist að uppfylla væntingar til menntunar og öruggar framtíðar, og tengdist þessi óvissa á margan hátt þeim hindrunum sem þau stóðu frammi fyrir hérlendis. Allir höfðu væntingar um að fá tækifæri til menntunar og ljúka háskólanámi. Menntun var lýst sem lykli að öruggri framtíð því að hún gæfi færi á góðri tekjustöðu

og öryggi. Hins vegar lýstu allir þátttakendurnir því að þeir væru ekki öruggir um að ljúka námi sökum stöðu sinnar í hinu nýja samfélagi. Sumir voru í láglaunastörfum á vinnumarkaði samhliða háskólanámi, sem hafði neikvæð áhrif á námið. Aðrir lýstu því hvernig þeir hefðu neyðst til að hætta háskólanámi vegna þess hve erfiðlega þeim gekk að læra íslensku. Beta, kvótaflóttamaður, úr 21–23 ára hópnum, lýsti því hvernig hún hefði reynt að komast í háskólanám en ekki tekist vegna þess að hún átti erfitt með að undirbúa sig undir inn-tökuprófið, sem var á íslensku. Á rannsóknartímanum var hún á undirbúningsnámskeiði í íslensku til að eiga betri möguleika á að komast inn í háskóla en sá fyrir sér að þurfa að verja löngum tíma í háskólanámið. Ísabella og Daníel, kvótaflóttamenn úr 24–26 ára hópnum, höfðu einnig reynt sig við háskólanám, hætt námi og farið út á vinnumarkaðinn vegna þess að þau réðu ekki við íslenskuna. Líkt og Beta upplifðu þau færni í íslensku sem aðalhindrun þeirra í háskólanámi. Ísabella sagði:

Fyrir mig var þetta einstaklega erfitt út af tungumálinu. Ég finn mig ekki sjálförugga í náminu því það er svo erfitt fyrir mig út af tungumálinu. Ég treysti mér ekki til að fara í háskólanám vegna þess að það er ekkert BA-nám í boði á ensku og ég er betri í ensku en íslensku. Auðvitað skil ég að „ókei við erum á Íslandi og við verðum að læra íslensku“ en mér finnst það svolítið þröngsýnt. Því ef þú getur ekki lært í námi á íslensku þá er bara veggur fyrir framan þig. Íslenska er erfitt mál, það er mjög erfitt að læra íslensku svo að maður geti notað hana í háskólanámi.

Þrátt fyrir að Beta, Daníel og Ísabella hefðu orðið fyrir vonbrigðum þegar þau hættu í námi töldu þau að þetta væri tímabundið ástand því að þau höfðu öll áætlanir um að halda áfram námi eftir að hafa náð betri tókum á íslensku. Þannig mátti sjá að þrátt fyrir hindranir gerðu þau áætlanir til að gera sér kleift að ná markmiðum sínum. Fram kom sú upplifun þátttakenda að erfitt væri að tileinka sér námsefnið þar sem það væri oft á tveimur tungumálum, íslensku og ensku. Tungumálhindranir fólust því ekki einungis í ónógri íslenskufærni heldur einnig kröfu um að hafa færni í fleiri en einu tungumáli. Þátttakendur lýstu erfiðleikum tengdum lesefni, skilningi á fyrirlesturum, vinnu einstaklingsverkefna og þátttöku í hópverkefnum. Ísabella lýsti reynslu sinni af þátttöku í hópverkefnum:

Þau bara tala við hvort annað og ég gat ekkert gert í verkefninu. Það var rosalega pirrandi fyrir mig og erfitt



fyrir mig vegna þess að ég finn að ég get gert það sem ég get samt og væri fær um ef þau til dæmis töluðu ensku eða mitt móðurmál.

Ónóg íslenskufærni gerði það þannig að verkum að þátttakendur gátu hvorki gefið verulega af sér í námi né félagslega og hafði það áhrif á sjálfsmýnd þeirra. Fram kom hjá þátttakendum að vegna þess að íslenska er annað tungumál þeirra þá tæki það þau langan tíma að vinna námsverkefni. Daníel lýsti slíkri reynslu:

Mér fannst bara svolítið erfitt í náminu. Ég get alveg talað íslensku en ég er ekki fullkominn í íslensku til að geta fara að skila ritgerðir í fjórar til fimm blaðsíður. Það er ógeðslega erfitt fyrir mig. Ég þarf að hafa þrjá mánuði til að skrifa eitthvað, skilurðu? Því ég þarf að hugsa á þremur eða fjórum tungumálum og svo þarf ég að þýða og skrifa og breyta. Það er svo erfitt og þess vegna er svo erfitt fyrir mig að vera í háskóla.

Fleiri þátttakendur lýstu tíma sem ákveðinni hindrun í námi. Bæði þyrftu þeir langan tíma til að vinna námsverkefni en einnig sáu þeir fram á að þurfa langan tíma til að ljúka háskólanámi. Flestir þátttakendanna áttu að baki rofna skólagöngu. Það gerði þeim einnig erfitt fyrir, og sumir lýstu því hve erfitt þeim reyndist að fá fyrri háskólagöngu metna héraendis. Þátttakendur sáu almennt fyrir sér að það skref að ljúka háskólanámi tæki langan tíma á þeirra lífsskeiði. Amir, úr 24–26 ára-hópnum, sem hafði komið sem hælisleitandi, lýsti vonbrigðum sínum yfir því að þurfa að „byrja frá byrjun“ þrátt fyrir að hann ætti ákveðið háskólanám að baki: „Ég þarf að byrja frá byrjun, ég neyðist til að byrja alveg frá byrjun!“ Amíra, úr 18–20 ára-hópnum, sem hafði komið sem hælisleitandi, hafði jákvæðari sýn á háskólanám þrátt fyrir að hún sæi fyrir sér að það yrði erfitt og að það tæki langan tíma fyrir hana að ljúka námi:

Það er alveg hægt, það er bara, þú veist, erfitt og tekur tíma. Það tekur langan tíma að læra og það er alltaf erfitt í hvert skipti. Ég er búin að búa hér tvö ár og næstum níu mánuði og ég er ennþá að læra eins og ég var í byrjun og nýkomin til Íslands.

Tungumálaumhverfi, erfiðleikar með að fá fyrri nám metið og lengd tíma í námi eru hindranir sem þátttakendur upplifa. Þátttakendur sögðust þó átta sig á að tungumálafærni í íslensku væri lykill að menntun og öruggri framtíð. Þegar Ísabella var til dæmis spurð að því hvað hún teldi skipta mestu máli til að ná árangri í framtíðinni nefndi hún menntunina og tungumálið:

Fyrsta stigið er að læra tungumálið og svo geturðu stundað nám. Vegna þess að ef þú ert ekki fær í íslensku þá geturðu ekkert gert.

Fram kom hjá nokkrum þátttakendum sú upplifun að það að eiga ekki rétt á námslánum væri hindrun við að stunda nám. Beta sagði að vegna þess tíma sem hún þyrfti til að stunda nám væri erfitt fyrir hana að vinna með námi en hún væri þó tilneydd til þess þar sem hún ætti ekki rétt á námsláni. Hún taldi þörf á að kvótaflóttafólk hefði rétt til námslána:

Fyrir svona fólk eins og ég, sem kom sem kvótaflóttamaður, að þá vil ég bara geta haldið áfram í háskólanámi. Það væri betra ef ég hefði rétt til að fá námslán jafnt og aðrir nemendur í háskólanum. Það myndi hjálpa mér að geta einbeitt mér alveg að náminu mínu.

Aðra hindrun sem tengist réttindastöðu má sjá í lýsingu Amínu á þeim kröfum sem Útlendingastofnun gerði til hennar sem umsækjanda um að móðir hennar gæti sest að hjá henni. Hún sá fram á að þurfa að hætta í háskólanámi vegna þess að hún þyrfti að geta sýnt fram á að hún gæti tryggt framfærslu móðurinnar til þess að eiga rétt á fjölskyldusameiningu. Hún sagði að það að þurfa að hætta í námi yrðu henni mikil vonbrigði og að hún upplifði að með því væri hún að „missa framtíð“ sína:

... og núna þarf ég að hætta alveg í skólanum. Þetta er mikið áfall fyrir mig að þurfa að gera þetta. Ég ætla samt ekki að hætta heldur bara taka hlé frá námi. Ég ætla að ljúka þessari önn og svo hætta. Ég er að segja að þetta sé erfitt fyrir mig að gera vegna þess að það að hætta í námi lætur mér líða eins og ég hafi misst framtíð mína. En ég bara neyðist til þess að gera þetta.

Þrír þátttakendur sögðust hafa töluverða fjárhagslega ábyrgð gagnvart foreldrum sínum. Beta lýsti því að erfitt væri að samþætta ábyrgðarhlutverk heima við annars vegar og hins vegar nám og félagsskap með jafnöldrum:

Ég er mikið meira upptekin heldur en aðrir af því ég er alltaf að vinna og svo í skóla. Ég þarf að gera svo mikið. Það er nefnilega erfitt fyrir mömmu mína að fara út og kaupa inn og eitthvað svona. Ég þarf að gera það líka og líka hugsa um mömmu mína og líka systkini mín. Ég þarf að fara með mömmu mína til lækni og eitthvað svona.

Þess má geta að flestir þátttakendurnir höfðu jákvæða reynslu af myndun vinatengsla utan skóla. Sumum hafði þó gengið það illa. Tækifæri til að mynda jafn-



ingjatengsl skiptu alla þátttakendur miklu máli en þeir sögðu að tungumálaerfiðleikar gerðu þeim erfitt fyrir að tengjast sammendum og mynda nán tengsl. Hana, kvótaflóttamaður úr 18–20 ára-hópnum, talaði um að hafa átt í erfiðleikum með að mynda vinatengsl í upphafi og tengdi það við fordóma jafnaldra í framhaldsskóla gagnvart trú sinni. Hún sagði að erfitt hefði verið að eignast vini en að henni hefði gengið betur eftir því sem hún kynntist fólki meira:

Þau voru að dæma mig fyrst, þau voru alltaf að hugsa öðruvísi um mig en þegar ég kynntist þeim þá voru þau bara „what?“, við hugsuðum aldrei að þú værir svona!

Seigluþættir

Eins og fram hefur komið áttu þátttakendur sér von um framtíð sem byggðist á félagslegu, fjárhagslegu og tilfinningalegu öryggi. Góð menntun og tekjustaða sem lykill að slíkri framtíð tengdist ekki síst áætlun um að styðja ættingja í upprunalandi, ferðast til upprunalands og fá tækifæri til fjölskyldusameiningar. Aðspurðir um hvaða þættir hjálpuðu þátttakendum við að ná markmiðum sínum töluðu þátttakendur um andlegan styrk, trú á sjálfum sér, erfiða reynslu sem þau ættu að baki sem flóttafólk og drauma um hjarta framtíð. Amína sagði til dæmis að þrátt fyrir að hún vissi að það yrði erfitt fyrir sig að fara í háskólanám þá áltíð hún slíkt nám mikilvægt með tilliti til hugsanlegs hlutverks síns sem móður og vegna framtíðar barna sinna:

Ég óska bara þess að eiga góða framtíð, að ljúka háskólanámi, læra á samfélagið og læra aðra hluti sem ég þarf til þess að setjast hér að. Fyrst í minni framtíð langar mig að einbeita mér að náminu mínu í framhaldsskóla og fara svo í háskólanám. Til dæmis ef ég ætla að eignast börn þá verður það miklu betra líf fyrir þau hér heldur en í mínu heimalandi því hér er friðsælt og rólegt og fjölmörg tækifæri eru til að mennta sig. Ég vona að ég geti haldið áfram námi og lokið því og séð fyrir mér og mínum framtíðarbörnum og fjölskyldu.

Þátttakendurnir fjölluðu um innri styrk og trú á eigin getu sem þætti sem hjálpuðu þeim að takast á við erfiðleika. Hana sagði í þessu samhengi:

Ég geri alltaf allt sem mig langar að gera og ég trúi því að ef þú getur ekki gert eitthvað en ef þú trúir því og trúir á sjálfan þig þá geturðu gert það.

Beta talaði um mikilvægi þess að gefast ekki upp: „Það er fullt af tækifærum ef maður er bara sterkur og gefst

ekki upp.“ Amína talaði um að hún minnti sig reglulega á að staða hennar væri önnur en jafnaldra hennar og hún yrði því að leggja meira á sig en þeir:

Ég einbeiti mér alltaf að því sem mamma minnir mig alltaf á þegar lífið er erfitt. Hún segir við mig að ég þurfi að leggja meira á mig en aðrir á mínum aldri af því að ég bý ekki með foreldrum mínum og er í burtu frá heimalandi mínu en að það sé í lagi. Ég þurfi bara að setta mig við að eiga það erfiðara en jafnaldrar mínir og halda áfram.

Ljóst er að þetta unga flóttafólk nýtti sér ýmsar hjargar þrátt fyrir hindranir sem upp komu við að taka skref inn á fullorðinsár með námi og undirbúningi fyrir örugga framtíð. Þátttakendur lýstu því að innri styrkur, trú á eigin getu og reynsla af erfiðum aðstæðum í búferlaflutningunum hefðu hjálpað þeim að þróa með sér seiglu við núverandi aðstæður.

Umræða

Þættir sem hafa hindrandi áhrif á þátttöku í langskólanámi eru flókið tungumálaumhverfi, ónóg færni í íslensku, skortur á stuðningi í námi, veik réttindastaða og sú ábyrgð sem ungt flóttafólk hefur gagnvart nánum ættingjum. Þátttakendur líta á menntun sem lykil að öruggri framtíð og það skiptir þá máli að hafa tækifæri til að uppfylla þær væntingar. Niðurstöðurnar samræmast fyrri rannsóknnum sem sýna að menntun er álitin lykill að öruggri framtíð en að réttindastaða ungs flóttafólks hefur ásamt skorti á stuðningi hamlandi áhrif á þátttöku í námi (Earnest o.fl., 2010; Tyrer og Fazel, 2014; Guðbjörg Ottósdóttir, 2017). Hins vegar búa þátttakendur yfir ýmsum seigluþáttum sem þeir nýta sér til að yfirstíga hindranir og viðhalda draumum sínum um menntun og hjarta framtíð, líkt og hefur komið fram í öðrum rannsóknnum (Montgomery, 2010; Kim o.fl., 2015). Niðurstöðurnar endurspeglar fyrri þekkingu og sýna að ungt flóttafólk nýtir sér ýmsar hjargar í viðleitni sinni við að bregðast við óvæntum atburðum og erfiðum aðstæðum í því ferli að taka skref inn á komandi fullorðinsár með öllum þeim væntingum sem því fylgja (Correa-Velez o.fl., 2016; Nunn o.fl., 2014). Það er ályktun höfunda að ungt flóttafólk búi við töluverðar hindranir þegar kemur að námi. Mikilvægt er að auka réttindi þessa hóps til stuðnings og þjónustu innan skólakerfis og velferðarkerfis og gera honum þannig auðveldara að vinna að framtíðarmarkmiðum sínum. Mikilvægt er að fyrirbyggja að kröfur sem gerðar eru til ungs fólks sem flóttafólks og tengjast innflytjandastöðu þess komi niður á framtíðarvæntingum þess og



áætlunum um að undirbúa örugga framtíð. Höfundar telja ríka þörf á að bæta stöðu þessa hóps í löggjöfinni og rannsaka betur aðstæður hans. Það myndi bæta hag ungs flóttafólks því að ljóst er að það hefur fjölbættar þarfir út frá stöðu sinni sem flóttafólk og út frá aldurs-skeiði sínu.

Heimildaskrá

- Arnett, J.J. (2014). Presidential address: The emergence of emerging adulthood: A personal history. *Emerging Adulthood*, 2(3), 155–163. doi:10.1177/2167696814541096
- Christiansen, C., Utas, M. og Vigh, H. (2006). Youth e(scapes): Introduction. Í C. Christiansen, M. Utas. og H. Vigh (ritstj.), *Navigating youth generating adulthood: Social becoming in an African context* (bls. 9–28). Uppsölum: Nordiska Afrikainstitutet.
- Correa-Velez, I., Gifford, S.M., McMichael, C. og Sampson, R. (2016). Predictors of secondary school completion among refugee youth 8 to 9 years after resettlement in Melbourne, Australia. *Journal of International Migration and Integration*, 18(3), 791–805. doi:10.1007/s12134-016-0503-z
- Earnest, J., Joyce, A., De Mori, G. og Silvagni, G. (2010). Are universities responding to the needs of students from refugee backgrounds? *Australian Journal of Education*, 54 (2), 155–174. doi:10.1177/000494411005400204
- Guðbjörg Ottósdóttir. (2017). Caring for family members with impairments and chronic illnesses: Young carers and young adult carers in asylum seeking and refugee families in the UK. *Barn* 35(2-3), bls. 59–72.
- Guðbjörg Ottósdóttir og Helena N. Wolimbwa. (2011). Flóttabörn á Íslandi: *Rannsókn á viðhorfum og reynslu flóttabarna*. Reykjavík: RBF.
- Kane, S. (2006). *Needs assessment and planning for asylum seeking and refugee young people: A good practice note*. Sótt 15. nóvember 2016 af https://www.ncb.org.uk/sites/default/files/field/attachment/arc_1_4needsassesspracnote.pdf
- Kim, M.A., Hong, J.S., Ra, M. og Kim, K. (2015). Understanding social exclusion and psychosocial adjustment of North Korean adolescents and young adult refugees in South Korea through Photovoice. *Qualitative Social Work*, 14(6), 820–841. doi:10.1177/1473325015572940
- Langevang, T. (2008). We are managing! Uncertain paths to respectable adulthoods in Accra, Ghana. *Geoforum*, 39(1), 2039–2047. doi:doi.org/10.1016/j.geoforum.2008.09.003
- Maja Loncar. (2016). *Reynsla ungs flóttafólks á Íslandi: Tækifæri, áskoranir og vonir og væntingar í nýju landi*. MA-ritgerð við félagsráðgjafardeild Háskóla Íslands, Reykjavík.
- Montgomery, E. (2010). Trauma and resilience in young refugees: A 9-year follow-up study. *Development and Psychopathology*, 22(2), 477–489. doi:10.1017/S0954579410000180
- Nunn, C., McMichael, C., Gifford, S.M. og Correa-Velez, I. (2014). 'I came to this country for a better life': Factors mediating employment trajectories among young people who migrated to Australia as refugees during adolescence. *Journal of Youth Studies*, 17(9), 1205–1220. doi:10.1080/13676261.2014.901496
- Padgett, D.K. (2008). *Qualitative methods in Social Work Research: Challenges and Rewards*. Thousands Oaks, London og Nýju Delí: SAGE.
- Skivington, K., Vojt, G., Thomson, H. og Fenton, C. (2016). *Systematic literature review of interventions to improve health, happiness and wellbeing in the transition from adolescence to adulthood*. Sótt 30. september 2017 af <http://eprints.gla.ac.uk/123117/7/123117.pdf>
- Tyrer, R.A. og Fazel, M. (2014). School and community-based interventions for refugee and asylum seeking children: A systematic review. *PLoS One*, 9(5), 1–12. doi: 10.1371/journal.pone.0089359
- Valentine, G. (2003). Boundary crossings: Transitions from childhood to adulthood. *Children's Geographies*, 1(1), 37–52. doi:10.1080/14733280302186
- Velferðarráðuneytið. (2013). *Viðmiðunarreglur flóttamanna-nefndar um móttöku og aðstoð við hópa flóttafólks*. Sótt 30. september 2017 af <https://www.velferðarraduneyti.is/malaflokkar/flottafolk/mottaka/nr/4548>
- Velferðarráðuneytið. (2014). *Leiðbeinandi reglur fyrir sveitarfélög um móttökupjónustu og aðstoð við félagslega þátttöku flóttafólks*. Sótt 30. september 2017 af <https://www.velferðarraduneyti.is/media/rit-og-skyrslur-2014/leidb.regul.LOK.pdf>